

Júní 2025



Mönnunarstefna í heilbrigðisþjónustu til ársins 2030



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Mönnunarstefna í heilbrigðisþjónustu til ársins 2030

Júní 2025

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

©2025 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 078-9935-515-72-8

Efnisyfirlit

Mönnunarstefna í heilbrigðisþjónustu til ársins 2030	4
Markmið til ársins 2030	6
1. Mönnun og aðgengi að heilbrigðisþjónustu	6
2. Gögn og greiningar um mönnun.....	6
3. Menntun og þjálfun	6
4. Löggiltar heilbrigðisstéttir, starfsleyfi og sérfræðileysi	7
5. Starfsumhverfi, ráðningar og nýliðun	8
6. Öryggi, réttindi og heilsa heilbrigðisstarfsfólks.....	8
7. Tækni og nýsköpun	9
8. Eftirfylgni og aðgerðaráætlun	9

Mönnunarstefna í heilbrigðisþjónustu til ársins 2030

Mönnunarstefna þessi byggir á heilbrigðisstefnu til ársins 2030, en fjallar með nánari hætti um mönnun í heilbrigðisþjónustu. Í heilbrigðisstefnunni kemur meðal annars fram að undanfarin ár hafi verið vandkvæðum bundið að manna stöðugildi og því sé aðkallandi að leita leiða til að fjölga heilbrigðisstarfsfólki. Í þriðja kafla heilbrigðisstefnunnar sem ber heitið Fólkið í forgrunni kemur fram að til að tryggja megi sem best gæði þjónustunnar, öryggi sjúklinga og skynsamlega notkun fjármuna, þurfi fjöldi starfsfólks að vera í samræmi við umfang og eðli þjónustunnar og aðstæður hverju sinni. Markmiðin eru m.a. þau að árið 2030 hafi mannaflapörf heilbrigðiskerfisins verið greind og viðeigandi ráðstafanir gerðar af hálfu ríkisvaldsins til að tryggja mönnun í heilbrigðisþjónustunni. Þá er í fjármálaáætlun hins opinbera fyrir árin 2024–2028 tekið fram að ein stærsta áskorun í heilbrigðisþjónustu sé mönnun og er þar lögð áhersla á að brugðist sé við því.

Hlutfall aldraðra vex hratt, sjúkdómsbyrði eykst og möguleikar á lækningu sömuleiðis. Ekki er raunhæft að mæta þessari áskorun eingöngu með því að fjölga heilbrigðisstarfsfólki. Heilbrigðisstarfsfólki hefur fjölgað og enn stefnir í talsverða fjölgun meðal hjúkrunarfræðinga, lækna og fleiri heilbrigðisstétta vegna fjölgunar á námsplássum hér á landi. Óvíst er hvert hlutfall starfandi fólks gagnvart fjölda aldraðra hér á landi verður á næstu áratugum þar sem margir flytja til Íslands frá öðrum löndum til að starfa hér á landi.

Til að ná nauðsynlegri mönnun í heilbrigðisþjónustunni til framtíðar þarf bæði að tryggja nægt framboð heilbrigðisstarfsfólks og horfa til allra þeirra þátta sem hafa áhrif á mönnunarpörf. Það eru þættir eins og endurskoðun á skipulagi við veitingu heilbrigðisþjónustu, skynsamleg verkaskipting milli heilbrigðisstétta og samvinna ýmissa faghópa, aukinn sveigjanleiki, þróun rafrænnar skráningar, nýsköpun og tækni framfarir. Enn fremur er mikilvægt að draga úr álagi sem stafar af verkefnum sem hafa lítið gildi og ýta undir uppbyggingu starfsumhverfis sem styður heilbrigðisstarfsfólk við að sinna mikilvægum verkefnum sem bæta heilsu notenda.

Nauðsynlegt er að leggja aukna áherslu á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu ólíkra heilbrigðisstétta og byggja upp aukna þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á hæfni og þekkingu annarra heilbrigðisstétta.

Markmið mönnunarstefnu í heilbrigðisþjónustu er að tryggja sjálfbærni á Íslandi í mönnun heilbrigðisþjónustu til framtíðar. Einnig að byggja upp öflugan og vel menntaðan hóp heilbrigðisstarfsfólks með starfsleyfi embættis landlæknis og

veita heilbrigðisþjónustu sem uppfyllir markmið laga, um gæði og öryggi sjúklinga.

Mönnunarstefna tekur mið af dreifingu og nýtingu mannafla landfræðilega, eftir tegund heilbrigðisþjónustu og framtíðarþörf með hliðsjón af Heilbrigðisstefnu til 2030. Tryggja skal fullnægjandi aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Á landsbyggðinni skal byggja upp heilbrigðisþjónustu með vel menntuðu heilbrigðisstarfsfólki og leggja áherslu á þverfaglega teymisvinnu og aukna fjarheilbrigðisþjónustu til þess að allir landsmenn geti notið heilbrigðisþjónustu af þeim gæðum sem best verður á kosið, óháð búsetu. Lögð er áhersla á að heilbrigðisstarfsfólki á landsbyggðinni verði tryggt aðgengi að sí- og endurmenntun hvort heldur sem er við menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir eða í hermisetrum. Fjarnámsmöguleikar geta skapað stór tækifæri.

Verkaskipting milli heilbrigðisstétta verði greind m.t.t. menntunar og hæfni hvernar heilbrigðisstéttar. Samhliða verði öll teymisvinna aukin og unnið að tilfærslu verkefna milli heilbrigðisstétta í þágu bættrar þjónustu við notendur. Mikilvægt er að tryggja tilfærslu verkefna á þann hátt að verkefni sem ekki krefjast ákveðinnar fagþekkingar eða sérfræðimenntunar sem einskorðast við viðkomandi fagstétt flytjist til annarra faghópa svo mannaflí nýtist sem best. Með teymisvinnu er bæði átt við teymisvinnu milli ólíkra heilbrigðisstétta, milli þjónustuveitenda og þvert á heilbrigðisumdæmi. Markmiðið er að tengja mönnun og þjónustuþörf á hverjum stað með aukinni samvinnu og tilfærslu verkefna milli heilbrigðisstétta og þjónustuveitenda þannig að mannaflí nýtist sem best.

Þjóða þarf upp á öfluga menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsfólks til öflunar starfsleyfis embættis landlæknis en einnig sí- og endurmenntun þannig að heilbrigðisstarfsfólk viðhaldi þekkingu sinni og bæti við sig nýrri. Lögð er áhersla á að heilbrigðisstarfsfólki standi til boða kennsla og þjálfun í nýtingu nýrrar tækni og nauðsynlegt er að áhersla verði lögð á þekkingu og tækni til þess að veita fjarheilbrigðisþjónustu. Öflug hermisetur á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri þurfa að vera aðgengileg nemendum í heilbrigðisgreinum og heilbrigðisstarfsfólki af öllu landinu, til þjálfunar og endurmenntunar. Mikilvægt er að nám heilbrigðisstarfsfólks á Íslandi próist sífellt í samræmi við framfarir í vísindum og áhersla sé lögð á gæði klínískrar kennslu á heilbrigðisstofnunum. Áfram þarf að byggja upp öfluga þekkingu og reynslu í klínískri þjálfun meðal kennara, leiðbeinenda og handleiðara á heilbrigðisstofnunum og í hermisetrum. Varðandi framboð á fag- og sérfræðimenntun heilbrigðisstétta hér á landi skal lögð áhersla á að það nám sem hér verður boðið upp á uppfylli faglegar alþjóðlegar kröfur. Loks skal lögð áhersla á formlegt samstarf við nágrannaþjóðir um aðgengi að fag- og sérfræðimenntun sem ekki er raunhæft að bjóða upp á hérlandis sökum fámennis.

Markmið til ársins 2030

1. Mönnun og aðgengi að heilbrigðisþjónustu

- 1.1. Mönnun er með þeim hætti að hún tryggir gæði, öryggi og skilvirkni í heilbrigðisþjónustu.
- 1.2. Mönnun á heilbrigðisstofnunum er í samræmi við þjónustupörf í heilbrigðisþjónustu sem stjórnvöld leggja áherslu á að veitt sé hér á landi.
- 1.3. Aðgengi er tryggt að þeirri heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur gera ráð fyrir og stjórnvöld leggja áherslu á að boðið sé upp á hér á landi.
- 1.4. Landsbyggðinni er tryggt fullnægjandi aðgengi að heilbrigðisþjónustu með fjarheilbrigðisþjónustu og þverfaglegu samstarfi og sérstökum hvötum.
- 1.5. Fjármögnun heilbrigðisþjónustu tekur mið af rekstri ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands.

2. Gögn og greiningar um mönnun

- 2.1. Mannaflapörf heilbrigðiskerfisins hefur verið greind.
- 2.2. Reglulegar greiningar á mannafla heilbrigðisstétta tryggja yfirsýn yfir stöðu og framtíðarþarfir.
- 2.3. Uppfærð gögn og upplýsingar veita yfirsýn yfir fjölda heilbrigðisstarfsmanna sem sinna klínískum störfum á heilbrigðisstofnunum.
- 2.4. Gögn og greiningar eru notaðar til að ákveða fjölda nemenda í heilbrigðisgreinum hér á landi og aðrar ákvarðanir varðandi framtíðarmönnun.
- 2.5. Gögn og greiningar liggja fyrir um launamyndandi þætti heilbrigðisstétta og gerðar tillögur um betri nýtingu þess fjármagns m.t.t. framlegðar í heilbrigðisþjónustu.

3. Menntun og þjálfun

- 3.1. Menntun og þjálfun er veitt hér á landi í þeim heilbrigðisstéttum sem heilbrigðisráðuneytið telur nauðsynlegt til að hægt sé að tryggja nauðsynlega mönnun og mögulegt er að bjóða upp á nám hér á landi í samræmi við alþjóðleg gæðaviðmið.
- 3.2. Í samráði milli viðkomandi ráðuneyta verði skapaður vettvangur til samstarfs og formlegra samninga við nágrannabjóðir þegar kemur að

aðgengi að fag- og sérfræðimenntun erlendis sem ekki er raunhæft að bjóða upp á hérlendis sökum fámennis.

- 3.3. Heilbrigðisstarfsfólk fær tækifæri til sí- og endurmenntunar og stöðuga faglega þróun.
- 3.4. Regluleg sí- og endurmenntun er í boði, bæði fyrir tiltekna heilbrigðisstéttir og með þverfaglegu sniði.
- 3.5. Fjarnám stendur til boða þar sem því verður við komið bæði í grunnnámi heilbrigðisstétta, sí- og endurmenntun sem og tengt faglegri þróun.
- 3.6. Klínísk námspláss í grunnnámi eru nægilega mörg og nægt framboð á hermi- og starfsþjálfun.
- 3.7. Í boði eru námsstöður í sér- og framhaldsnámi heilbrigðisstétta í samræmi við þörf, getu og þekkingu mennta- og heilbrigðisstofnana.
- 3.8. Gæði þjálfunar nemenda á heilbrigðisstofnunum eru tryggð og nemendum eru falin verkefni sem þeir hafa þekkingu og hæfni til að sinna að mati heilbrigðis- og menntastofnana.
- 3.9. Fjármögnun klínískra námsstaða er tryggð í þeim heilbrigðisgreinum og sérgreinum sem heilbrigðisráðuneytið telur mikilvægt að menntun og þjálfun sé veitt í hér á landi og fer fram á opinberum heilbrigðisstofnunum.
- 3.10. Aukin samvinna er meðal háskóla, framhaldsskóla og heilbrigðisstofnana vegna starfsþjálfunar á heilbrigðisstofnunum sem er hluti af námi menntastofnunar.
- 3.11. Menntun og þjálfun vegna alvarlegrar heilbrigðisvár og neyðarviðbragða er tryggð.
- 3.12. Eftirlit og mat á heilbrigðisstofnunum með tilliti til menntunarhlutverks þeirra er tryggt.

4. Löggiltar heilbrigðisstéttir, starfsleyfi og sérfræðileysi

- 4.1. Löggilding heilbrigðisstétta hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af atvinnufrelsi, sjúklingaöryggi og meðalhófskröfum.
- 4.2. Ekki er gengið lengra í takmörkun á atvinnufrelsi með löggildingu heilbrigðisstétta en almannahagsmunir krefjast vegna öryggis sjúklinga og gæða heilbrigðisþjónustu.

- 4.3. Menntun sem er skilyrði fyrir starfsleyfum og sérfræðileyfum er í samræmi við alþjóðlegar kröfur og uppfyllir lágmarkskröfur innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- 4.4. Stöðug sí- og endurmenntun er grundvöllur þess að viðhalda starfsréttindum.
- 4.5. Þróun og viðhald siðareglna fyrir heilbrigðisstarfsmenn með tilliti til tækniframfara og sjálfsákvörðunarréttar sjúklinga er tryggt.

5. Starfsumhverfi, ráðningar og nýliðun

- 5.1. Starfsaðstæður í heilbrigðisþjónustu eru aðlaðandi með sveigjanlegu, öruggu og góðu starfsumhverfi og þverfaglegri teymisvinnu.
- 5.2. Starfsfólk í heilbrigðisþjónustu vinnur í umhverfi sem einkennist af skýru skipulagi, stöðugri framþróun og aukinni þekkingu.
- 5.3. Lögð er áhersla á að viðhalda góðri mönnun og laða að nýtt starfsfólk.
- 5.4. Hvatar eru notaðir til að tryggja mönnun á svæðum þar sem hún er sérstök áskorun, sem og til að bregðast við skorti í tilteknum námsgreinum.
- 5.5. Ívilnanir námslána standa til boða í fámennum heilbrigðisstéttum sem heilbrigðisyfirvöld telja nauðsynlegt að veiti heilbrigðisþjónustu hér á landi en ekki er skynsamlegt að mennta hér á landi.
- 5.6. Laun eru samkeppnishæf og launatengdir hvatar eru notaðir til að skipuleggja mönnun í samræmi við þarfir heilbrigðisþjónustu.
- 5.7. Samráð er haft um mönnun og sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni.
- 5.8. Verkaskipting og mögulegar tilfærslur verkefna milli heilbrigðisstétta hafa verið greindar og gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum og reglugerðum til að tryggja að menntun og hæfni heilbrigðisstétta nýtist sem best.

6. Öryggi, réttindi og heilsa heilbrigðisstarfsfólks

- 6.1. Starfsfólk í heilbrigðisþjónustu nýtur við störf sín verndar gegn hvers kyns mismunun, þvingunum, ofbeldi og áreiti af hálfu samstarfsfólks, sjúklinga, aðstandenda og annarra.
- 6.2. Starfsfólki er ekki mismunað eftir kyni, kynhneigð, aldri, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, trúarbrögðum, efnahags, ættarnis eða stöðu að öðru leyti.

- 6.3. Launajafnrétti er tryggt og framfylgt.
- 6.4. Öryggi starfsfólks er tryggt í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og útfært í verklagsreglum.
- 6.5. Starfsfólki stendur til boða stuðningur til að viðhalda andlegri og líkamlegri heilsu vegna starfs síns við heilbrigðisþjónustu.
- 6.6. Vinnustaðir heilbrigðisstarfsfólks af erlendum uppruna stuðli að því að þau læri íslensku.
- 6.7. Vinnustaðir heilbrigðisstarfsfólks tryggi að erlent heilbrigðisstarfsfólk læri um íslenskt heilbrigðiskerfi, lög, reglugerðir, siðareglur og annað sem þeim ber að vinna samkvæmt og gilda um störf þeirra.

7. Tækni og nýsköpun

- 7.1. Fjarheilbrigðisþjónusta stendur til boða um allt land.
- 7.2. Innviðir og kerfi styðja notkun fjarheilbrigðisþjónustu og rafrænar lausnir.
- 7.3. Störf í heilbrigðisþjónustu eru þróuð í takt við tækniframfarir og nýjungar.
- 7.4. Hvatar eru notaðir fyrir notkun stafrænnar þjónustu og innleiðingu rafrænna sjúkraskráa.

8. Eftirfylgni og aðgerðaráætlun

- 8.1. Mælaborð yfir fjölda heilbrigðisstarfsfólks í heilbrigðisstarfsgreinum, aldursdreifingu, kyni og staðsetningu er birt opinberlega.
- 8.2. Mælaborð um framboð á viðurkenndu námi til starfa í heilbrigðisþjónustu hér á landi er birt opinberlega.
- 8.3. Ávallt er unnið samkvæmt gildandi aðgerðaráætlun með mælanlegum markmiðum.
- 8.4. Heilbrigðisráðuneytið hefur reglubundið eftirlit með þeim áhættuþáttum sem geta haft neikvæð áhrif á menntun heilbrigðisstarfsfólks, námsframboð og mönnun í heilbrigðisþjónustu.
- 8.5. Ef hindranir greinast er strax gripið til viðeigandi ráðstafana til að vinna að því að uppræta.

